

Á ársfundinum skal kynna ársreikninga og ársskýslu sjóðsins og ræða atriði er þar koma fram. Þá skal á ársfundinum ræða þátt sjóðsins í tækni og iðnþróun á Íslandi eftir því sem ástæða er til.

Formaður stjórnar sjóðsins eða sá sem hann tilnefnir stýrir ársfundi.

18. gr.

Iðnþróunarsjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarsjóða á sama hátt og Seðlabanki Íslands. Sjóðurinn er og undanþeginn stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum, sem hann kann að taka á sig.

19. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt tillögum stjórnar Iðnþróunarsjóðs og með heimild í lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970 með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 43 frá 23. maí 1980 og lögum nr. 59 frá 19. júní 1985, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 120, 18. maí 1972, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 18. júlí 1986.

Albert Guðmundsson.

Halldór J. Kristjánsson.

um forkaupsrétt Svalbarðsstrandarhrepps að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 hefur hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Svalbarðsstrandarhreppi er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum lóðum og mannvirkjum:

Svalbarðseyri ásamt mannvirkjum.

1. Um er að ræða landssvæði sem takmarkast af eftirfarandi: að sunnan merkjalína milli Svalbarðs og Mógils, að austan takmarkast lóðin af brekkunni og norður fyrir svokallað Línadalshús.

Þá tekur við síki og liggja mörkin austan við það allt út að svokölluðu Pálshúsi en eftir það norður eystri bakka Svalbarðstjarnar að línu er dregin sé þvert austur úr ós þeim er grafinn er úr tjörninni til sjávar skammt norðan við vitann.

Landið er 26 885m² að stærð samkvæmt fasteignamati.

2. Öll mannvirki sem eru á fyrrgreindu landsvæði.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til upplýsinga fyrir þá sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júlí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Þorgerður Benediktsdóttir.